

Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 27.04.2017

ÍS

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022. 402. mál.

„Alþingi ályktar, sbr. [lög nr. 123/2015](#), um opinber fjármál, að stjórnvöld fylgi fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2018–2022, sem byggð er á fyrirbyggjandi fjármálastefnu fyrir árin 2017–2022 og skilyrðum hennar, samkvæmt eftirfarandi yfirlitum um markmið fyrir afkomu og efnahag hins opinbera í heild og fyrir opinbera aðila og um áætlanir um þróun tekna og gjalda þeirra næstu fimm árin. Alþingi telur að fjármálaáætlunin sé í samræmi við fyrirbyggjandi fjármálastefnu fyrir árin 2017–2022“.

Hér er gerð athugasemd til þess að benda á:

1. að leggja þarf mun meira fé en gert er ráð fyrir til þess að styðja vinnu við að gera íslenskt táknmál aðgengilegt með stafrænum hætti og hlúa að því og styðja.
2. að ósamræmi er á milli fjárlagafrumvarps 2017 og meðfylgjandi fjármálastefnu fyrir árin 2017–2022 og fjármálaáætlunar um opinber fjármál fyrir árin 2018–2022.

1. Undir lið 18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál (bls 250-251) er fjallað um að menningarstofnanir geri efni sitt í vaxandi mæli aðgengilegra almenningi með stafrænum hætti og sömuleiðis að leggja eigi aukna áherslu á máltækni sem og stöðu íslenskrar tungu og táknmáls.

Í 3. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls segir:

„Íslenskt tákn mál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir tákn mál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt tákn mál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.“

Með setningu laganna stigu stjórnvöld stórt skref í átt að bættri stöðu íslensks tákn máls (ÍTM) og málhafa¹ þess, bæði núverandi og verðandi. Lögin duga þó ekki ein og sér til þess að breyta og bæta stöðu ÍTM en þau kalla á áherslubreytingar. Staða ÍTM var mjög veik þegar lögin voru sett en áherslubreytingar og aðgerðir til styrkingar málsins hafa látið á sér standa. Til dæmis er ekki gott aðgengi að íslensku tákn máli. Alvarlegast er að foreldrar, sem eignast heyrnarlaust barn, eiga erfitt með að tileinka sér málið, sérstaklega þeir sem búa úti á landi. Það hefur mjög alvarleg áhrif á þroska barnsins og allt líf þess ef barnið fær ekki aðgang að máli á máltökuskeiði. Í nágrannalöndum okkar fá foreldrar barna sem fæðast heyrnarlaus launað frí frá vinnu til þess að læra málið á dagvinnutíma. Hér á Íslandi er boðið upp á kennslu einn laugardag í mánuði. Ein af leiðunum til þess að breyta stöðu barna sem reiða sig á íslenskt tákn mál til þroska og samskipta og einnig stöðu íslenska tákn málsins er einmitt að leggja áherslu á að gera það aðgengilegt með rafrænum hætti s.s. í formi námskeiða, útgáfu efnis og málheildar til rannsókna, sem væri aðgengileg á netinu. Málheild til rannsókna leiðir af sér bættu kennslu, betra námsefni og aukna málvitund. Auk þess þarf að leggja áherslu á máltækni m.t.t. íslensks tákn máls.

2. Í lið 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála er fjallað um starfsemi og helstu áskoranir. Þar segir að áhersla hafi verið á að námsefni á grunnskólastigi samræmist betur kröfum aðalnámskrár grunnskóla og að efla útgáfu námsefnis á tákn máli fyrir grunnskólanemendur. Í þessu samhengi er rétt að benda á að **hvergi er unnið að útgáfu námsefnis á íslensku tákn máli**. Námsefni á íslensku tákn máli vantar og er ein alvarleg hindrun í vegi fyrir námi grunnskólabarna sem reiða sig á íslenskt tákn mál til samskipta, þroska og menntunar. Þá má bæta við að engar formlegar kröfur eru gerðar til kunnáttu grunnskólakennara í íslensku tákn máli

¹ Hugtakið *málhafi* vísar til málnotenda með móðurmálsfærni.

og íslenskt táknmál er ekki kennt sem móðurmál í grunnskólum þar sem heyrnarlaus börn stunda nám þrátt fyrir að lög og námskrár kveði á um það.

Samkvæmt lögum nr. 91/2015 er eitt af verkefnum Menntamálastofnunar að „sjá nemendum í skyldunámi fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum og öðrum nemendum eftir því sem stofnuninni kann að verða falið (5. gr.).“ „Menntamálastofnun er heimilt að semja við aðra aðila um afmörkuð verkefni sem stofnuninni er falið að annast enda sé ekki um að ræða starfsemi sem felur í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum aðila (6. gr.).“ Þrátt fyrir lög nr. 61/2011 og námskrár allt frá 1999 hafa ekki orðið áherslubreytingar hjá Menntamálastofnun frá þeirri venju sem var viðhöfð í Námsgagnastofnun.

Árið 2014 fór Ástráður Haraldsson hrl. fram á það, fyrir hönd umbjóðanda síns 10 ára táknmálstalandi drengs, við Námsgagnastofnun að stofnunin léti þýða námsefni á íslenskt táknmál. Þann 30. desember 2014 synjaði Námsgagnastofnun þeirri beiðni.

Þann 20. mars 2015 lögðu umbjóðendur Ástráðs fram kæru á hendur íslenska ríkinu og Reykjanesbæ þar sem þess var krafist að synjun Námsgagnastofnunar yrði dæmd ólögmat og að varnaraðilum yrði gert að viðlögðum dagsektum að láta þýða tiltekið námsefni á íslenskt táknmál.

Þann 28. maí 2015 vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur máli umbjóðanda Ástráðs Haraldssonar hrl. frá með eftirfarandi úrskurði: „Stefnandi hefur með síðari hluta kröfugerðar sinnar krafist þess að stefndu verði dæmt skylt að láta þýða tiltekið námsefni á íslenskt táknmál að viðlögðum dagsektum. Eins og fram er komið hvílir sú skylda á menntamálaráðherra samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga að sjá grunnskólum fyrir námsgögnum. Til þess að efna þá skyldu hefur Námsgagnastofnun verið sett á laggirnar sem hefur það hlutverk lögum samkvæmt að útvega grunnskólum námsgögn. Að mati dómsins verður að líta svo á að með þessum hluta kröfugerðar stefnanda sé farið fram á að dómurinn taki ákvörðun um að nánar tiltekin námsgögn verði þýdd á íslenskt táknmál og kveði á um skyldu stefndu þar að lútandi. Í kröfunni felst því með öðrum orðum að dómurinn taki ákvörðun sem með réttu heyrir undir stjórnvöld að taka að undangengnu faglegu og frjálsu mati. Ekki verður fallist á að það sé á valdsviði dómstóla að ákveða slíkt og gengur það í berhöggi við 2. gr. stjórnarskrárinnar. Sakarefnið heyrir því ekki undir dómstóla. Því verður þessum lið kröfugerðar stefnanda, með vísan til 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991, einnig vísað frá dómi. Með vísan til framangreinds verður því ekki hjá því komist að vísa máli

stefnanda í heild sinni frá dómi.“ Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kærnu 9. júní 2015 en Hæstiréttur staðfesti úrskurð Héraðsdóms (nr. 394/2015).

Enn hefur staðan ekkert breyst. Helstu ástæður fyrir því að ekki er hægt að semja og framleiða námsgögn á íslensku táknmáli virðist vera peningaskortur eða forgangsroðun verkefna innan Menntamálastofnunar.

Á bls. 284 í fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2018–2022, kemur fram að efla eigi gerð og útgáfu námsgagna fyrir nemendur á skólaskyldualdri. Mikilvægt er að námsefni hæfi mismunandi kennsluháttum og ólíkum nemendum, s.s. stafrænt námsefni og námsgagnagerð í þágu nemenda sem nota táknmál. Á bls. 285 er síðan sett það markmið að **tilbúnir verði 24 titlar til notkunar í skólum 2018**. Í Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 er á bls. 377 talað um að **34 titlar verði tilbúnir til notkunar í skólum árið 2017**. Þarna virðist verulegur niðurskurður hafa farið fram á meðan námsefnititlar, sem börn sem reiða sig íslensku til samskipta hafa aðgang að, skipta þúsundum. Ekki virðist vera gert ráð fyrir framleiðslu á neinu námsefni á íslensku táknmáli á árinu 2017 miðað við fjármálaáætlun 2018-2022. Þetta er alvarlegt fyrir íslenskt samfélag og fyrir börn sem reiða sig á íslenskt táknmál til samskipta. Ef börn fá ekki aðgang að menntun fá þau ekki þroskað hæfileika sína til fulls. Samfélagið fær með þessum áherslum ekki að njóta góðs af hæfileikum barnanna og auði, þegar þau verða fullorðin, og þau geta ekki notið þess sem samfélagið býður öðrum.

Virðingarfyllst,

Valgerður Stefánsdóttir
forstöðumaður
Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra